



Borgarráð

Eftirfylgni á skýrslu nefndar um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins

Nefnd um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins (Vöggustofunefnd) kynnti skýrslu sína í borgarráði 5. október s.l. Hún komst að þeirri niðurstöðu að börn hafi sætt illri meðferð á Vöggustofunni Hlíðarenda á tímabilum yfir árin 1949 til 1963. Þá hafi börn í ýmsum tilvikum einnig sætt illri meðferð á Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins á tímabilum frá 1963 til 1967. Skýrslan er ákaflega vel unnin og nefndarfólkið Kjartan Björgvinsson nýskipaður landsréttardómari, Urður Njarðvík prófessor í barnasálfræði og Ellý Þorsteinsdóttir félagsraðgjafi, eiga skilið mikla þökk fyrir gríðarlega umfangsmikla, vel rannsakaða og rökstudda skýrslu og vinnu. Hvatamönnum að því að rannsóknin yrði unnin eiga ekki síður skilið þakkið, þeir Árni H. Kristjánsson, Fjölur Geir Bragason, Hrafn Jökulsson, Tómas V. Albertsson og Viðar Eggertsson. Nú skiptir miklu máli að fylgja skýrslunni eftir og þeim tillögum sem þar koma fram.

Samkvæmt skýrslunni voru alls 1083 börn vistað á vöggustofunum frá 1949 til 1973. Vöggustofunefnd telur ljóst af skriflegum heimildum og frásögnum fyrrverandi starfsfólks að foreldrum barna á vöggustofunum hafi á tímabilum í reynd almennt verið meinað að umgangast börn sín á meðan þau voru á vöggustofunni, hvort sem var að halda á þeim eða snerta með öðrum hætti. Foreldrar hafi almennt einungis mátt sjá börnin í gegnum gler og gilti sú regla óháð því af hvaða ástæðum barn var vistað á vöggustofu. Með þessum starfsháttum voru tengsl barns við foreldra, og eftir atvikum systkini, rofin á mjög löngum tímabilum án þess að börnum væri veitt persónuleg umönnun sem var til þess fallin að draga úr skaðlegum áhrifum tengslarofs við foreldra eða aðra umönnunaraðila. Að mati nefndarinnar teljast slíkir starfshættir, með hliðsjón af öðrum aðstæðum á vöggustofunni, til illrar meðferðar í skilningi laga. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að málsmeðferð barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafi verið annmörkum háð þegar hún tók ákvarðanir um að vista börn á vöggustofum á því tímabili sem athugun nefndarinnar nær til 1949-1973. Þá hefur nefndin einnig komist að þeirri niðurstöðu að opinbert eftirlit með starfsemi vöggustofanna hafi verið óviðunandi stærstan hluta þess tímabils sem þær störfuðu.

Með hliðsjón af þessum atriðum taldi vöggustofunefndin tilnefni til að setja fram alls fjórar tillögur. Fyrsta tillagan lýtur að hugsanlegum skaðabótageiðslum til þeirra sem vistaðir voru á vöggustofunum sem börn. Önnur tillagan fjallar um geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu til sömu einstaklinga en sú þriðja beinist að gildandi framkvæmd og eftirliti á sviði barnaverndarmála. Fjórða og síðasta tillagan lýtur að því að borgarráð taki afstöðu til þess hvort rétt sé að framhald verði á athugun á vöggustofum í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 45/2022. Hér verður farið nánar yfir tillögur vöggustofunefndar og jafnframt tillögur að málsmeðferð og umsögnum.



1. Skaðabótageiðslur

Tillaga vöggustofunefndar er að stjórnvöld meti það út frá niðurstöðum í skýrslunni hvort og þá að hvaða marki verði leitast við að rétta hlut þeirra einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofunni Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins með fjárgreiðslu í formi skaðabóta. Tillaga vöggustofunefndar til stjórnvalda er að þá verði jafnframt tekin afstaða til þess hvort rétt sé að fara aftur þá leið sem farin var með setningu laga nr. 47/2010 og núgildandi lögum þá breytt til þess horfs að unnt sé að fjalla um umsóknir þeirra sem vistaðir voru á báðum vöggustofunum á meðan þar var sólahringsvistun. Sú leið byggir á því að leyst sé úr hverju máli fyrir sig á grundvelli krafna tjónþola. Önnur fær leið væri að sett væru ný lög sem heimiluðu að greiddar verði skaðabætur á almennum grundvelli. Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar er frumvarp forsætisráðherra um sanngirnibætur sem ætlað er að taka af skarið í þessum efnunum og skapa umgjörð og farveg fyrir þær.

2. Geðheilbrigðis- og sálfræðipjónusta

Vöggustofunefndin telur brýnt að stjórnvöld leggi á það ígrundað mat hvort og þá hvaða þörf sé á að tryggja geðheilbrigðis- og sálfræðipjónustu eða aðra sértæka aðstoð fyrir þá sem dvöldu á vöggustofunum. Við það mat verði þá tekið mið af þeirri reynslu sem þegar liggur fyrir í þeim efnunum. Við nánara mat og undirbúning á frekari tillögum telur nefndin rökrétt og eðlilegt að annaðhvort verði gerðar viðhlítandi ráðstafanir á vettvangi Reykjavíkurborgar til að tryggja að vöggustofubörn fái geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu eða, eftir atvikum, aðra sértæka aðstoð sér að kostnaðarlausu. Í því efni er þó æskilegt að skilgreina umfang og tímamörk þjónustunnar fyrirfram eftir almennum viðmiðum.

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við sérfræðinga á þessu sviði, að láta vinna tillögu um nánari útfærslu sem tryggir vöggustofubörnum kostnaðarlausu geðheilbrigðis- eða sálfræðipjónustu sem fyrst. Tillagan verður lögð fram á fundi borgarráðs þegar hún liggur fyrir.

3. Eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála

Vöggustofunefnd telur rétt að áréttu fyrri ábendingar vistheimilaneftndar, þar sem mikilvægt er að rýna reglulega þær aðstæður og umhverfi sem starfsmenn barnaverndar starfa í. Nefndin telur því að niðurstöður hennar endurspegli nauðsyn þess að sveitarfélög tryggi að barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra hafi nægilegt svigrúm og tíma til að vinna hvert og eitt mál í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í því felst að sett séu viðmið um takmörkun mála fjölda á hvern sérfræðing og tryggð sé sérhæfð þekking í mati, greiningu, meðferðaráætlun og eftirfylgd. Þá verður að huga sérstaklega að hæfni og reynslu nefndarmanna og stuðla að því að fagfólk á sviðinu geti aflað sér sí- og endurmenntunar. Sveitarfélög verða einnig að tryggja framboð af stuðningsúrræðum til að styrkja börn og fjölskyldur þeirra svo komast megi hjá vistun utan heimilis.

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu vöggustofunefndar um eftirlit og framkvæmd á sviði barnaverndarmála til umsagnar velferðarráðs og umdæmisráðs barnaverndar.

4. Frekari athuganir

Vöggustofunefndin telur rétt að borgarráð leggi á það mat, m.a. út frá niðurstöðum nefndarinnar hvort tilefni sé til að framhald verði á athugun af þeim toga sem nefndin hefur haft með höndum og þá í samræmi við þær almennu valdheimildir sem nefndinni eru fengnar með lögum 45/2022. Við það mat verði þá eftir atvikum tekin afstaða til þess hvort samsvarandi atriði og nefndin lýsti í vöggustofuskýrslunni hafi þá verið fyrir hendi frá og með



árinu 1974 eða hvort rök standi fremur til þess að láta nú staðar numið með starf nefndar samkvæmt lögum nr. 45/2022.

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa tillögu vöggustofunefndar um frekari athuganir til umsagnar borgarlögmans, velferðarráðs og mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Umsagnir

Lagt er til að borgarráð samþykki að vísa skýrslu vöggustofunefndarinnar í heild sinni til umræðu í borgarstjórn. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að leita umsagna eftirfarandi aðila um skýrsluna:

- Velferðarráði
- Umdæmisráði barnaverndar
- Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði
- Öldungaráði

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri